

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. júlí 1979

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -mauk og hnetumauk

(79/693/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í gildandi lögum og stjórnsýsluákvæðum í aðildarríkjunum er skilgreining á samsetningu og framleiðslueiginleikum aldinsultu, ávaxtahlaups og -mauks og kastaníuhnetumauks, heiti frátekin fyrir þær vörur einar sem eru í samræmi við þessar skilgreiningar, og reglur settar um merkingu og kynningu.

Ósamræmið í landslögum á milli aðildarríkjanna kann að hindra frjálsa flutninga á þessum vörum og leiða til ójafna samkeppnisskilyrða.

Því er nauðsynlegt að setja sameiginlegar reglur svo unnt sé að markaðssetja þessar vörur að vild alls staðar innan bandalagsins.

Almennu reglurnar sem settar eru í tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda <sup>(3)</sup>, gilda um merkingu á aldinsultu, ávaxtahlaupi og -mauki og kastaníuhnetumauki. Í þessari tilskipun þarf því aðeins að setja viðbótarreglur við þessar almennu reglur og kveða á um undanþágur frá þeim.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 7, 12. 1. 1976, bls. 38.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 131, 12. 6. 1976, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

Ný vörutegund með lágu sykurrinnihaldi hefur nýlega komið fram á tilteknum mörkuðum, en vöruþróun hennar er enn ekki lokið. Því ber að gefa aðildarríkjunum kost á að nota heitin aldinsultu, ávaxtahlaup og -mauk og kastaníuhnetumauk fyrst um sinn fyrir slíkar vörur. Síðar ber að vinna að því að setja reglur innan bandalagsins um þessar vörur.

Með það fyrir augum að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja tæknilegar framkvæmdarráðstafanir.

Æskilegt er, í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni umboð til að koma reglum um matvæli í framkvæmd, að kveðið sé á um hvernig koma skuli á nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE <sup>(4)</sup>.

Sem stendur er ekki unnt að koma tilteknum reglum sem kveðið er á um í þessari tilskipun til framkvæmda vegna þeirra tæknilegu örðugleika er slíkt hefði í för með sér.

Því er nauðsynlegt að beita innlendum ákvæðum, en síðar ber að endurskoða aðstæður með það fyrir augum að uppræta smám saman það ósamræmi sem enn er fyrir hendi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Þessi tilskipun gildir um:

1. sultu í sérflokk;
2. sultu;
3. hlaup í sérflokk;

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 29. 11. 1969, bls. 9.

4. hlaup;
5. mauk;
6. kastaníuhnetumauk;

eins og þessar vörur eru skilgreindar í I. viðauka.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar sem skilgreindar eru í I. viðauka séu einungis markaðssettar ef þær eru í samræmi við þær skilgreiningar og reglur sem settar eru í þessari tilskipun.

3. gr.

1. Heitin sem talin eru upp í I. viðauka skulu eingöngu notuð til að tákna vörurnar sem þar eru skilgreindar að því tilskildu að innihald þeirra af leysanlegu þurrefni sé ekki minna en 60%, ákvarðað með ljósbrotsmæli.

2. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að leyfa að heitin sem talin eru upp í I. viðauka séu notuð á yfirráðasvæðum þeirra um vörur sem innihalda minna en 60% af leysanlegu þurrefni og eru í samræmi við önnur ákvæði þessarar tilskipunar, fyrir utan þær vörur sem lýst er í B-hluta III. viðauka.

Eigi síðar en fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, setja reglur fyrir bandalagið um þær vörur sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Einnig er heimilt að nota heitin sem talin eru upp í 2. og 4. tölul. í A-hluta I. viðauka til að tákna þær vörur sem skilgreindar eru í 1. og 3. tölul. í sama hluta.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á ákvæði sem heimila að heitið „hlaup“ sé, venju samkvæmt, einnig notað til að tákna aðrar vörur sem ekki má rugla saman við þær sem eru skilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Einungis er heimilt að nota hráefni sem eru í samræmi við skilgreiningarnar í II. viðauka við framleiðslu þeirra vara sem skilgreindar eru í I. viðauka.

5. gr.

Einungis er heimilt að bæta efnunum sem talin eru upp í III. viðauka, og á þann hátt sem þar er lýst, í vörurnar sem skilgreindar eru í I. viðauka.

6. gr.

1. Vörur sem skilgreindar eru í I. viðauka mega ekki innihalda efni í þeim mæli að heilsu manna stafi hætta af.

2. Einkum mega vörur sem skilgreindar eru í I. viðauka ekki innihalda brennisteinsdíoxíð yfir þeim mörkum sem sett eru í IV. viðauka.

7. gr.

1. a) Söluheiti vöru sem skilgreind er í I. viðauka skal vera það sama og heitið sem er notað samkvæmt 3. gr.

b) Söluheitinu skulu fylgja:

i) upplýsingar um ávaxtategund eða -tegundir sem eru notaðar, í röð eftir minnkandi þyngd hráefnanna sem eru notuð; þó, að því er varðar vörur unnar úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta, má láta merkinguna „blandaðir ávextir“ eða upplýsingar um fjölda ávaxtategunda sem eru notaðar koma í stað upplýsinga um ávaxtategundir sem eru notaðar;

ii) upplýsingar um innihaldsefni eins og kemur fram í 2. tölul. A-hluta III. viðauka.

2. a) Þegar apríkósur sem ætlaðar eru til framleiðslu á vörunni sem er skilgreind í 2. tölul. A-hluta I. viðauka hafa verið þurrkaðar með annarri þurrkaðferð en frostþurrkun skal merkingin „þurrkaðar apríkósur“ koma fram í skránni yfir innihaldsefni.

b) Þegar rauðrófusafa hefur verið bætt í vörurnar sem eru skilgreindar í 2. og 4. tölul. A-hluta I. viðauka og sem eru unnar úr einni eða fleiri eftirfarandi ávaxtategundum: jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rífsberjum eða plómum, skal merkingin „litað með rauðrófusafa“ koma fram í skránni yfir innihaldsefni.

c) Fyrir vörur unnar úr þremur eða fleiri ávaxtategundum er aðildarríkjunum heimilt að leyfa að í stað upptalningarinnar á ávaxtategundunum sem eru notaðar í skránni yfir innihaldsefni komi einungis merkingin „ávextir“.

d) Þegar leifar af brennisteinsdíoxíði eru meiri en 10 mg/kg er aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að merkingin „inniheldur leifar af brennisteinsdíoxíði“ komi fram í skránni yfir innihaldsefni. Fimm árum eftir birtingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa undanþágu og leggja fyrir ráðið tillögur um nauðsynlegar breytingar.

3. Einnig er skylt að eftirfarandi komi fram á merkimiða þeirra vara sem skilgreindar eru í I. viðauka:

- a) merkingin „inniheldur ... g af ávöxtum í hverjum 100 g“, og sýni uppgefin tala það magn sem notað hefur verið, í hver 100 g fullunninnar vöru, af:
- aldinkjöti, mauki, safa og vatnsseyði við framleiðslu á vörunum sem eru skilgreindar í 1., 2., 3., 4. og 6. tölul. A-hluta I. viðauka, að frádreginni þyngd vatnsins sem notað var við tilbúning á vatnsseyðinu, ef við á,
  - sítrusávöxtum við framleiðslu á vörunni sem er skilgreind í 5. tölul. A-hluta I. viðauka;
- b) merkingin „heilgarsykurinnihald: ... g í hverjum 100 g“, og sýni uppgefin tala gildið sem ákvarðað er með ljósbrotsmæli við 20°C fyrir fullunna vöru, með  $\pm 3\%$  frávik milli raunverulegs ljósbrotsgildis og uppgefins gildis;
- c) fyrir vörur sem innihalda minna en 63% af leysanlegu þurrefni, merkingin: „geymist á köldum stað eftir að umbúðir hafa verið opnaðar“; þó er hvorki skylt að geta þessa fyrir vörur í litlum ílátum, þar sem innihald þeirra er oftast einn skammtur, né fyrir vörur sem rotvarnarefnum hefur verið bætt í;
- d) þegar um er að ræða vöruna sem skilgreind er í 5. tölul. A-hluta I. viðauka:
- inniheldur börk, upplýsingar um hvernig börkurinn er niðurskorinn,
  - inniheldur ekki börk, upplýsingar um að enginn börkur fyrirfinnist.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. skulu sjást í sömu sjónhendingu og þær sem um getur í a-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 79/112/EBE.

5. Viðbætt L-askorbínsýra, samkvæmt 5. gr. og B-hluta III. viðauka, gefur ekki rétt til að skírskota til C-vítamínsinnihalds.

8. gr.

Með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið samþykkir á þessu sviði er aðildarríkjunum frjálst að setja reglur um merkingu þeirra matvæla sem eru skilgreind í I. viðauka og eru ekki ætluð til sölu sem slík til neytenda.

9. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna viðskipti með vörur sem skilgreindar eru í I. viðauka og eru í samræmi við skilgreiningar og reglur þessarar tilskipunar, einkum með beitingu ósamhæfðra ákvæða í landslögum um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingar á þessum vörum, eða matvælum almennt.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

— vernda almannaeilbrigði,

— koma í veg fyrir svik, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,

— vernda einkarétt á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsingar um uppruna, svo og skráð upprunaheiti, og til að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni.

10. gr.

1. Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga sem komið hafa fram eða vegna endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum frá því að þessi tilskipun var samþykkt, gild rök til að ætla að notkun á einu þeirra efna, sem talin eru upp í öðrum undirlið b-liðar og c-lið 2. tölul. í A-hluta og í B-hluta III. viðauka og IV. viðauka, í vörunar sem skilgreindar eru í I. viðauka, eða að leyfilegt hámarks magn, jafnvel þótt í samræmi sé við þessa tilskipun, kunni að stofna heilsu manna í hættu er því heimilt að fella ákvæðin sem um ræðir tímabundið úr gildi eða takmarka beitingu þeirra á yfirráðasvæði sínu. Það skal þegar í stað tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem hlutaðeigandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um matvæli; hún skal skila álitu sínu án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir.

3. Telji framkvæmdastjórnin breytingar á þessari tilskipun nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem minnst er á í 1. mgr. og til að vernda heilsu manna skal hún hefja þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. í því augnamiði að samþykkja þær. Aðildarríkinu sem samþykkt hefur öryggisráðstafanir er heimilt í því tilviki að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.

## 11. gr.

Ráðið skal með samhljóða samþykki, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvarða, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, skilyrði um auðkenni og hreinleika fyrir vörur og efni í II. og III. viðauka.

## 12. gr.

Nákvæmar reglur um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með samsetningu og framleiðsluforskriftum þeirra vara sem eru skilgreindar í I. viðauka skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr.

## 13. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkanna eins og kveðið er á um í 2. tölul. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitinu ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

## 14. gr.

Ákvæði 13. gr. gilda í 18 mánuði frá þeim degi að málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 13. gr.

## 15. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á lög aðildarríkjanna þar sem heimilt er við framleiðslu á vörunum sem skilgreindar eru í I. viðauka:

a) að bæta við eftirtöldum efnum:

i) eplasýru, ásamt natríum- og kalsíumsöltum hennar í samræmi við góðar framleiðsluvenjur;

ii) — kalsíumkarbónati, kalsíumklóríði, kalsíumglúkónati sem er notað eitt sér eða saman í ekki meira magni en 200 mg/kg og gefið upp sem kalsíum,

— natríumkarbónati, natríumbíkarbónati og natríumhýdroxíði,

— fosfórsýru;

iii) — rotvarnarefnum sem innihalda minna en 65% af leysanlegu þurrefni,

— litarefnum; þegar um er að ræða vörur sem skilgreindar eru í 1. og 3. tölul. A-hluta I. viðauka er eingöngu heimilt að veita þetta leyfi þegar vörurnar eru framleiddar úr einni eða fleiri eftirtalinna tegunda: jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rífsberjum eða plómum,

— algínötum og karragenani í ekki meira magni en 10 g/kg (notuð ein sér eða saman) og karóbmjöli í ekki meira magni en 20 g/kg,

— dímetýlpólýsílóxani í ekki meira magni en 10 mg/kg,

— sorbítanmónóláratu í ekki meira magni en 25 mg/kg í vöruna sem um getur í þriðju undirgrein 5. tölul. A-hluta I. viðauka;

b) að hunang, reymelassi eða púðursykur komi í stað sykursins sem um getur í 6. tölul. A-hluta II. viðauka, að hluta eða öllu leyti.

2. Undanþágurnar sem kveðið er á um:

i) í i-lið a-liðar 1. mgr. falla úr gildi þann dag sem ráðið ákveður fyrir 1. júlí 1984 í samræmi við málsmeðferðina í 100. gr. sáttmálans eða í síðasta lagi þegar bandalagsreglur um notkun sýra í matvæli koma til framkvæmda;

ii) í ii-lið a-liðar 1. mgr. falla úr gildi þann dag sem ráðið ákveður fyrir 1. júlí 1984 í samræmi við málsmeðferðina í 100. gr. sáttmálans.

3. Fyrir 1. júlí 1984 skal framkvæmdastjórnin endurskoða undanþágurnar sem kveðið er á um í iii-lið a-liðar 1. mgr. og leggja nauðsynlegar breytingartillögur fyrir ráðið, ef þörf krefur.

*16. gr.*

Þessi tilskipun:

- a) gildir ekki um vörur sem eru ætlaðar til útflutnings til landa utan bandalagsins;
- b) hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum um heilsuvörur, samanber þó ákvæði bandalagsins um þetta efni;
- c) gildir ekki um vörur sem eru ætlaðar til framleiðslu á kókum, sætabrauð og kexi.

*17. gr.*

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar breytingar á lögum sínum til að fara að þessari tilskipun og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Hin breyttu lög skulu:

- heimila viðskipti með vörur sem eru í samræmi við þessa tilskipun eigi síðar en tveimur árum eftir birtingu hennar,

— banna viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar þremur árum eftir birtingu hennar.

2. Þrátt fyrir annan undirlið 1. mgr. er fresturinn, þar til bannið kemur til framkvæmda á vörum sem ekki eru merktar í samræmi við 7. gr., sá sami og um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 22. gr. í tilskipun 79/112/EBE.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á beitingu b- og c-liðar 2. mgr. 22. gr. eða fyrsta undirliðar í b-lið 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 79/112/EBE.

*18. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1979.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. GIBBONS

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## FULLUNNAR VÖRUR — SKILGREININGAR

A. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. **Sulta í sérflokki:**

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og aldinkjöti:

- einnar ávaxtategundar, eða
- tveggja eða fleiri ávaxtategunda, fyrir utan epli, perur, plómur með steini, melónur, vatnsmelónur, þrúgur, grasker, agúrkur og tómata.

Magn aldinkjöts sem notað er til að framleiða 1 000 g af fullunninni vöru skal ekki vera minna en:

- 450 g almennt,
- 350 g fyrir sólber, rósaldin, kveður,
- 250 g fyrir engifer,
- 230 g fyrir kasúhnetur,
- 80 g fyrir passíuávöxt.

2. **Sulta:**

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og aldinkjöti og/eða mauki úr:

- einni ávaxtategund, eða
- tveimur eða fleiri ávaxtategundum.

Magn aldinkjöts og/eða mauks sem notað er til að framleiða 1 000 g af fullunninni vöru skal ekki vera minna en:

- 350 g almennt,
- 250 g fyrir sólber, rósaldin, kveður,
- 150 g fyrir engifer,
- 160 g fyrir kasúhnetur,
- 60 g fyrir passíuávöxt.

Þó er aðildarríkjunum heimilt í fimm ár frá birtingu þessarar tilskipunar að kveða á um 300 g magn í 1 000 g af fullunninni vöru þegar um er að ræða hindber og garðaber.

3. **Hlaup í sérflokki:**

Nægilega hlaupkennd blanda af sykri og safu og/eða vatnsseyði úr:

- einni ávaxtategund, eða
- tveimur eða fleiri ávaxtategundum, fyrir utan epli, perur, plómur með steini, melónur, vatnsmelónur, þrúgur, grasker, agúrkur og tómata.

Magn safu og/eða vatnsseyðis sem notað er til að framleiða 1 000 g af fullunninni vöru skal ekki vera minna en:

- 450 g almennt,
- 350 g fyrir sólber, rósaldin, kveður,
- 250 g fyrir engifer,
- 230 g fyrir kasúhnetur,
- 80 g fyrir passíuávöxt.

Þetta magn er reiknað eftir að þyngd vatnsins sem notað var við tilbúning á vatnsseyðinu hefur verið dregið frá.

4. **Hlaup:**

Nægilega hlaupkennd blanda af sykri og safu og/eða vatnsseyði úr:

- einni ávaxtategund, eða
- tveimur eða fleiri ávaxtategundum.

Magn safu og/eða vatnsseyðis sem notað er til að framleiða 1 000 g af fullunninni vöru má ekki vera minna en:

- 350 g almennt,
- 250 g fyrir sólber, rósaldin, kveður,

- 150 g fyrir engifer,
- 160 g fyrir kasúhnetur,
- 60 g fyrir passíuávöxt.

Þetta magn er reiknað eftir að þyngd vatnsins sem notað var við tilbúning á vatnsseyðinu hefur verið dregið frá.

**5. Mauk:**

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og einni eða fleiri eftirfarandi vörum úr sítrusávöxtum: aldinkjöti, mauki, safa, vatnsseyði og berki.

Magnið af sítrusávextinum sem er notað við tilreiðslu á 1 000 g af fullunninni vöru skal ekki vera minna en 200 g og þar af 75 g eða meira fengið úr aldinsteinum og berki.

Aðildarríkin geta heimilað heitið „ávaxtahlaupsmauk“ á yfirráðasvæðum sínum þegar varan inniheldur engin óleysanleg efni, þó með hugsanlegri undantekningu þegar um er að ræða fínskorinn bök í mjög litlu magni.

**6. Kastaníuhnetumauk:**

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og kastaníuhnetumauki.

Magnið af kastaníuhnetumauki sem er notað til að framleiða 1 000 g af fullunninni vöru skal ekki vera minna en 380 g.

- B. Þegar um er að ræða blöndur skal lágmarksinnihald af tilteknum ávexti, svo sem mælt er fyrir um í A-hluta, minnkað í hlutfalli við heildarmagn allra ávaxtanna sem eru notaðir.

## II. VIÐAUKI

## A. HRÁEFNI — SKILGREININGAR

1. **Ávextir:**

- ferskir, heilir og óskaddaðir, með öllum mikilvægustu innihaldsefnum sínum og hæfilega þroskaðir, til notkunar í framleiðslu á vörum sem eru skilgreindar í I. viðauka, eftir að hafa verið hreinsaðir, snyrtir og blóm fjarlægð,
- í þessari tilskipun eru tómatar og ætir hlutar rabarbarastöngla taldir til ávaxta,
- hugtakið „kastaníuhnetur“ merkir ávöxt kastaníutrésins (*Castanea sativa*),
- „engifer“ merkir æta rót engiferplöntunnar sem geymd er í sírópi eftir að hafa verið þurrkuð og flysjuð.

2. **Aldinkjöt:**

æti hlutinn af ávextinum öllum, ef við á afhýddum eða steinalausum, skorinn í bita eða stappaður, en ekki maukaður.

3. **Ávaxtamauk:**

æti hlutinn af heilum ávexti, afhýddum eða steinalausum, sem hefur verið maukaður með því að sigta hann eða með sambærilegri vinnsluáferð.

4. **Ávaxtasafi:**

vara sem, með fyrirvara um meðhöndlun samkvæmt B-hluta, er í samræmi við skilgreiningarnar í tilskipun ráðsins 75/726/EBE frá 17. nóvember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ávaxtasafa og tilteknar sambærilegar vörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 79/168/EBE <sup>(2)</sup>.

5. **Ávaxta-vatnsseyði (vatnsseyði):**

vatnsseyði ávaxta sem, með fyrirvara um óhjákvæmilegt tap sem getur orðið við góða framleiðsluhætti, inniheldur alla vatnsleysanlega efnisþætti ávaxtanna sem eru notaðir.

6. **Sykur**

eftirtalinn sykur:

- hálfhvítur sykur,
- sykur (hvítisykur),
- fínhreinsaður sykur (fínhreinsaður hvítisykur),
- sykurlausn,
- invertsykurlausn,
- invertsíróp,
- einvatnaður þrúgusykur (dextrósi),
- vatnsfirrtur þrúgusykur (dextrósi),
- glúkósasíróp,
- þurrkað glúkósasíróp,
- frúktósi,
- súkrósavatnslausn sem einkennist af eftirfarandi:

- |   |   |
|---|---|
| a) þurrefni:  | ekki minna en 62% miðað við þyngd,            |
| b) innihald invertsyk-<br>urs (hlutfallið milli<br>frúktósa og þrúgusyk-<br>urs: $1, 0 \pm 0, 2$ ): | ekki meira en 3% miðað við þyngd þurrefnis,   |
| c) öskuinnihald mælt<br>með leiðni:   | ekki meira en 0,3% miðað við þyngd þurrefnis, |
| d) litur í lausn:   | ekki meira en 75 ICUMSA einingar,             |
| e) heildarinnihald leifa af<br>brennisteinsdíoíði:  | ekki meira en 15 mg/kg miðað við þurrefni.    |

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 311, 1. 12. 1975, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 37, 13. 2. 1979, bls. 27.

## B. HRÁEFNI — HEIMILUÐ MEDHÖNDLUN

1. Vörurnar, sem skilgreindar eru í 1. – 5. tölul. A-hluta, er heimilt að:
  - hita, kæla eða frysta,
  - frostþurrka,
  - þykkja, að því marki sem það er tæknilega mögulegt.
2. Ef framantaldar vörur eru ætlaðar til framleiðslu á vörum sem eru skilgreindar í 2., 4. og 5. tölul. A-hluta I. viðauka er heimilt að bæta í þær brennisteinsdíoxíði (E 220) eða söltum þess (E 221, E 222, E 223, E 224, E 226 og E 227).
3. Heimilt er að meðhöndla apríkósur til framleiðslu á vörinni sem er skilgreind í 2. tölul. A-hluta I. viðauka með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun.
4. Heimilt er að leggja kastaníuhnetur sem eru ætlaðar til framleiðslu á vörinni sem er skilgreind í 6. tölul. A-hluta I. viðauka stutta stund í bleyti í brennisteinsdíoxíðsvatnslausn (E 220).

## III. VIÐAUKI

## EFNI SEM HEIMILT ER AÐ BÆTA Í VÖRURNAR SEM ERU SKILGREINDAR Í I. VIÐAUKA

## A. NEYSLUHÆF INNIHALDSEFNI, BRAGÐ- OG ILMEFNI

## 1. Innihaldsefni sem ekki þarf að tilgreina í vörulýsingu fullunninnar vöru

Heiti	Notkunarskilyrði
— Vatn sem má nota við matvælaframleiðslu	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka
— Ávaxtasafi	Í allar vörur skilgreindar í 2. tölul. A-hluta I. viðauka
— Rauður ávaxtasafi	Í vöruna sem skilgreind er í 1. tölul. A-hluta I. viðauka þegar hún er unnin úr einni eða fleiri eftirtalinna tegunda: jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum eða plómum
— Rauðrófusafi	Í vörurnar sem skilgreindar eru í 2. og 4. tölul. A-hluta I. viðauka þegar þær eru unnar úr einni eða fleiri eftirtalinna tegunda: jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum eða plómum
— Grunnolúr sítrusávaxta	Í vöruna sem skilgreind er í 5. tölul. A-hluta I. viðauka
— Neysluhæfar olúr og fita	Sem froðueyðir í allar vörur skilgreindar í I. viðauka
— Pektín í vökvaformi (vörur sem innihalda pektín og eru unnar úr þurrkuðu eplahrati eða þurrkuðum berki sítrusávaxta eða blöndu úr hvorutveggja með þynntri sýru sem síðan er hlutleyst að hluta með natríum- eða kalíumsöltum)	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka

## 2. Innihaldsefni sem tilgreina skal í vörulýsingu fullunninnar vöru

Heiti	Notkunarskilyrði
a) Neysluhæf innihaldsefni í hæfilegu magni til að breyta bragði:	
— Safi úr sítrusávöxtum í afurð úr öðrum ávaxtategundum	Í vörur skilgreindar í 1. og 2. tölul. A-hluta I. viðauka
— Brennivín	} Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka
— Vín og líkjör	
— Valhnetur, heslihnetur, möndlur	
— Hunang	
— Kryddjurtir	
— Krydd	
— Annað	Samkvæmt landslögum
b) — Börkur af sítrusávöxtum	
— Blöð af Pelargonium odoratissimum	} Í vörur sem eru skilgreindar í 1. – 4. tölul. A-hluta I. viðauka þegar þær eru unnar úr kveðum
c) — Vanilla	} Í vörur sem eru skilgreindar í 1. – 4. tölul. A-hlutar í I. viðauka þegar þær eru unnar úr eplum, kveðum eða rósaldinum og í vörum sem er skilgreind í 6. tölul. A-hluta I. viðauka
— Vanillukjarni	
— Vanillín	
— Etylvannillín	

## B. AUKEFNI

Heiti	Notkunarskilyrði
Pektín (E 440a) og amíderað pektín (E 440b)	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka, en pektíninnihald fullunninnar vöru má ekki fara yfir 1% og þar af má ekki vera meira en 0,5% af amíderuðu pektíni (E 440b)
Mjólkursýra (E 270)	} Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka í nauðsynlegu magni til að jafna pH
Natríumlaktat (E 325)	
Sítrónusýra (E 330)	
Natríumsítrat (E 331)	
Kalsíumsítrat (E 333)	
Vínsýra (E 334)	
Natríumtartrat (E 335)	
Kalsíumlaktat (E 327)	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka sem eru í samræmi við góðar framleiðsluvenjur
L-askorbínsýra (E 300)	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka í nauðsynlegu magni sem þrávarnarefni
Mónó- og díglýseríð fitusýra (E 471)	Í allar vörur skilgreindar í I. viðauka

*IV. VIÐAUKI***HÁMARKSINNIHALD AF BRENNISTEINSDÍOXÍÐI Í VÖRUR SKILGREINDAR Í I. VIÐAUKA**

Innihald af brennisteinsdíoxíði í skilgreindum vörum má ekki fara yfir:

1. 10 mg/kg í vörur sem eru skilgreindar í 1., 3. og 6. tölul. A-hluta I. viðauka.
2. 50 mg/kg í allar aðrar vörur sem eru skilgreindar í I. viðauka.
3. Þó er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda, fyrir vörur sem eru skilgreindar í 2. og 5. tölul. A-hluta I. viðauka, innlendum ákvæðum sem leyfa hærra brennisteinsdíoxíðsinnihald en 50 mg/kg en minna en 100 mg/kg.

Að fimm árum liðnum frá birtingu þessarar tilskipunar mun framkvæmdastjórnin endurskoða þessa undanþágu og leggja fyrir ráðið tillögu um hugsanlega breytingu eða niðurfellingu þessa ákvæðis.

---